

Fundargerð 11.10.2018

**Mætt voru:** Jökull Pétursson, fulltrúi foreldra, Katrín Ásta Hafsteinsdóttir fulltrúi foreldra, Ellý Erlingsdóttir fulltrúi kennara og Erla Jónsóttir fulltrúi annarra starfsmanna. María Pálmadóttir skólastjóri sem stýrði fundi og Margrét Ólöf Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundarins:

- Skólastarfið haustið 2018
- DI kennslan
- Krakkaberg
- Valgreinar í unglingsdeild
- Mat á skólastarfi
- Skólalöng

María skólastjóri kynnti þá sem sátu fundinn.

### Skólastarfið haustið 2018

Það hafa orðið talsverðar breytingar á þessu skólaári. Stjórnun: Sif er í veikindaleyfi og Margrét Ólöf leysir hana af í vetur. Herdís Danivals deildarstjóri miðstigs, Tanja S. deildarstjóri yngsta stigs. Hafdís Ásgeirsdóttir er deildarstjóri stoðþjónustu. Hildur Ásta deildarstjóri spjaldtölvu, Jóhanna Björg deildarstjóri Bergs.

Nýtt starfsfólk:

Anna Pála Víglundsdóttir

Emilía Kristjánsdóttir

Erika Frodell

Guðrún Lena Eyjólfsdóttir

Harpa Björgvinsdóttir

Linda Ösp Grétarsdóttir

Stefán Þór Jónsson

Viktor Ari Bragason

Þuríður Lilja Valtýrsdóttir

# Skólaráð

---

Soffía Guðmundsdóttir leysir af veikindaforföllum Önnu Maríu til áramóta en þá vantar nýjan kennara.

Þeir kennarar sem ekki eru með kennslureynslu fá leiðbeindur sem veita þeim faglegan stuðning.

## DI kennsluaðferðin:

Skólastjóri ræddi um DI kennsluna. Kennarar á yngsta stig fóru á námskeið til að efla og viðhalda þessari kennsluaðferð.

**Krakkaberg:** Það gekk ekki vel að fá starfsfólk þangað til að byrja með en nú er að verða fullmannað. Margir starfsmenn vinna inn í skólanum á morgnanna og fara svo yfir í Krakkaberg eftir hádegi.

**Valgreinar í unglingadeild eru eftirfarandi í vetur:** Leiklist, myndlist, smíðar, útivist, matur og menning, heimanám, tónlistarval, stíll og aðstoð við yngri nemendur. Bæjarbrúin og Tækniskólavalið eru í boði fyrir 10. bekk.

Það hefur áhrif að framboð valgreina hvað unglingadeildin er fámenn.

## Mat á skólastarfi:

**Lesfimi:** Skólastjóri fór yfir niðurstöður úr lesfimi. Nemendur í Setbergsskóla stóðu sig mjög vel. Áskorunin núna er að viðhalda þessum góða árangri. Það er mikilvægt að halda áfram að þjálfa nemendur í miðdeild og unglingadeild.

**Skólavoginn:** Skólastjóri fór yfir Skólapúlsinn, nemendakönnun. Heildarniðurstöður benda til lakari útkomu en frá fyrri mælingum en þrátt fyrir það oftast við landsmeðaltal. Rætt var um leiðir til útbóta m.a. þarf að ræða við nemendur.

Foreldrakönnunin var ekki lögð fyrir á síðasta skólaári en verður lögð fyrir á þessu skólaári.

Skólastjóri fór yfir útkomu á starfsmannakönnun. Þar erum við talsvert undir meðaltali og þurfum að eiga samtali við kennara um hvað er til bóta. Það kemur skýrt fram í starfsmannasamtöl að það eru nokkrir kennarar mjög óánægðir og draga meðaltalið mikið niður.

**Skólalaping:** Við erum að undirbúa skólalaping 10. og 17. nóvember. Við ætlum að bjóða bekkjarfulltrúum, nemendum og starfsfólki á þetta skólalaping. Miðað er við að 60 manns komi á hvert þing. Við ætlum að móta okkur framtíðarsýn þar sem þær upplýsingar sem fram koma á skólalaping verða nýttar. Ætlunin er að bjóða upp á tvo erindi annars vegar frá Heimili og skóla og hins vegar um grunnþætti menntunar. Að því loknu verður farið í hópaga og ákveðnar spurningar teknar til umræðu. Tilgangur skólalapingsins er að skerpa sameiginlega sýn og ábyrgð. Í grunninn hvernig skóla viljum við hafa.

# Skólaráð

---

## Önnur mál:

3Skólastjóri fór yfir fjölda nemenda. 3. bekk. Árgangurinn er fjölmennur og það stendur til að fjölga kennurum í stærðfræðikennslunni.

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.